

EBAK - Félag eldri borgara á Akureyri

10. stjórnarfundur EBAK 30. janúar 2019 kl. 13 – 15.

Mættir: Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason og Birgir Björn Svavarsson.

Fjarverandi: Haukur Halldórsson formaður, Garðar Lárusson, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Egill Jónsson og Kolbrún Kristjánsdóttir.

1. **Fundarsetning.** Halldór Gunnarsson varaformaður setti fundinn.
2. **Fundargerð** stjórnar EBAK nr. 9. frá 9. janúar 2019 yfirfarin og afgreidd með smá lagfæringum.
3. **Skráning** í dagbók í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd.
Halldór var 9. janúar. Þá komu tveir og annar gekk í félagið. Einn hringdi og sótti um fyrir tvo. Dóra var 16. janúar og fékk eina heimsókn vegna félagsskírteina og eina fyrirspurn um námskeiðin sem voru að byrja eftir áramótin. Egill var 23. janúar. Hann gekk frá umsóknum tveggja nýrra félaga og tók við einni úrsögn úr félaginu vegna brottflutnings. Bergmundur Stefánsson kom og afhenti flosaða mynd sem gjöf til EBAK. Svo kom Hreiðar Aðalsteinsson og bauð 16 eintök af söngbók til sölu. Hann skildi eitt eintak af bókinni eftir á skrifstofunni. Viðvera á skrifstofu næstu miðvikudaga;
30. janúar: Margrét; 6. febrúar: Birgir; 13. febrúar: Dóra; 20. febrúar; Hallgrímur;
27. febrúar: Haukur.
4. **Tímasetning** næsta stjórnarfundar EBAK. Tillaga: 27. febrúar nk. kl.13 – 15. Samþykkt.
Gestir þess fundar - uppstillinganefnd félagsins. FKR- fundur 25. febrúar kl. 12.
5. **Verkefni** milli stjórnarfunda
 - a) Fundur framkvæmdaráðs stjórnar með uppstillinganefnd 16. janúar sl.
FKR lagði fram nafnalista yfir þá fulltrúa félagsins í stjórn og nefndum sem hætta störfum á aðalfundi EBAK 25. mars nk. og gaf upplýsingar um þá félaga sem lýst hafa yfir áhuga á að vinna fyrir félagið í stjórn og nefndum. Áhersla var m.a. lögð á mikilvægi samstarfs nefndarinnar við stjórn og nefndir félagsins varðandi skipun fulltrúa á uppstillingalistann. Ákveðið var að nefndin leggi fram uppstillingalista sinn á stjórnarfundum 27. febr. nk.
 - b) Fundur öldungaráðs Akureyrarbæjar 21. janúar sl.
Gestur fundarins var Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður. Til umræðu voru ný drög að samþykktum fyrir öldungaráð, sem Inga Þöll hafði unnið frekari útfærslu á með hlidsjón af samþykktum Reykjavíkurborgar og athugasemdum fulltrúa eldri borgara í ráðinu.
Niðurstaða fundarins var að Inga Þöll ynni áfram að gerð nýrrar samþykktar fyrir öldungaráð, sem síðan yrði send bæjarráði til umfjöllunar. Rætt var um að æskilegt væri að öldungaráð fengi ný drög til skoðunar áður en þau yrðu afgreidd á fundi bæjarstjórnar.
 - c) Húsnæðisnefnd EBAK.
Birgir Björn stjórnarmaður í EBAK, fulltrúi félagsins í húsnæðisnefnd, upplýsti að nefndin hefði ekki verið boðuð til fundar með fulltrúum Akureyrarbæjar.
Stjórn EBAK leggur áherslu á að fundur húsnæðisnefndar og fulltrúa bæjarins verði haldinn sem fyrst og felur Birgi að koma þeim skilaboðum til húsnæðisnefndar.
6. **Aðalfundur** EBAK 2019 dagsettur 25. mars nk.
 - a) Umræður um hvort stjórnarmenn teldu þörf á breytingum á samþykktum EBAK leiddi til þeirrar niðurstöðu að stjórnin mundi ekki leggja til neinar breytingar á aðalfundinum í mars.
 - b) Skipun fulltrúa í uppstillinganefnd og fulltrúa vegna skoðunar reikninga ársins 2019.
Stjórnarmenn beðnir að undirbúa það fyrir næsta stjórnarfund.

- 7. Landsfundur** LEB verður haldinn 3. apríl nk. Í ár er afmælisár en LEB var stofnað 19. júní 1989 á Akureyri. Af því tilefni verður haldin ráðstefna 4. apríl þar sem fjallað verður um: a) Velferðartækni, b) Tölvufærni eldri borgara, c) Samstarfsverkefni LEB og RKÍ um heimsóknavini og sínavini að norrænni fyrirmynd.
EBAK á rétt á 6 fulltrúum á landsfundi LEB 2019.
- 8. Notkun** EBAK á gagnagrunnsforritinu Access.
Margrét afhenti notendahandbók að skráningunni.
Setja þarf reglur um skráningu á þátttöku í viðburðum á vegum EBAK og bæjarins og hlutverk starfsmanna EBAK, stjórnar og nefnda félagsins. Halldór og Hallgrímur vinna að endurskoðun starfslýsinga í samráði við nefndir félagsins og verða reglurnar settar þar inn. Ósk er um að Grétar kynni skráninguna á næstu stjórnarfundum.
- 9. Opinn** kynningarfundur stjórnar EBAK og fræðslunefndar. Rætt var um að boða til fundar til að kynna EBAK og starfsemi félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi. Fáum svar frá fræðslunefnd eftir fund 4. febr. nk.
- 10. Notendaráð** félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi.
Margrét var gestur á fundi notendaráðs 11. janúar sl. Þar ákvað notendaráð að þriggja manna nefnd vinni að nýjum starfsramma fyrir ráðið og legði hann fram á næsta fundi ráðsins 8. febr. nk.
- 11. Innheimta** árgjalda fyrir árið 2018 og 2019.
Dóra og Garðar fóru yfir félagaskrá EBAK vegna innheimtu árgjalda á árinu 2018. Nú liggur fyrir hvað margir borga í heimabanka og hve margir með gíróseðlum. Vegna mistaka með greiðslu gíróseðla 2018 þurfti að skoða þetta vegna leiðréttinga á árinu 2019. Þá liggur fyrir hverjir hafa ekki greitt árgjald fyrir árið 2018.
- 12. Pálínukaffi** í Bugðusíðu. Nauðsynlegt er fleiri aðstoði og komi að skipulagi og dagskrá. Rætt var um að skipa Pálínukaffinefnd og hvernig hún yrði skipuð. Stjórnarmenn beðnir að hugleiða það og koma með tillögu á næsta stjórnarfund.
- 13. Viðhald** húsnæðis félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu.
Linda fékk staðfest að herbergið við hliðina á salnum verði málað áður en sjónvarpið verður sett upp. Ákveðið að ganga um húsnæðið með Lindu á fundi FKR sem ákveðinn er kl. 12 þann 25. febr. nk. og gera lista yfir viðhaldsverkefni í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1.
- 14. Önnur mál:**
- Lok tiltektar á skrifstofu 15. febrúar 2019.
 - Fundur stjórnar með starfsmönnum EBAK. Eðlilegt að fundað sé með þeim til að auka upplýsingastreymi.
 - Flosmynd, gjöf til EBAK (Sjá lið 3). Bergmundur Stefánsson veit ekki hver gerði hana. Hún kom til hans í viðgerð. Ákveða þarf hvar hún á að vera.
 - Söngbók sem Hreiðar Aðalsteinsson bauð til sölu. Samþykkt að kaupa ekki fleiri söngbækur í bili.
 - Stofnun dansklúbbs er í undirbúningi.
 - Sundnámskeið er í undirbúningi.
 - Viðhorfskönnun meðal eldri borgara á Akureyri. Þetta mál er til skoðunar hjá Halldóri S. Guðmundssyni og öldungaráði.
 - Endurskoðun starfslýsinga nefnda er í vinnslu.

Margrét Pétursdóttir lagði fram frumdrög fundargerðarinnar.

Um frágang fundargerðar sáu Hallgrímur og Halldór í fjarveru Margrétar.